

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1890.

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 19. júní 1890 (A. nr. 27. bls. 108—109).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í spönskum höfnum við Miðjarðarhafið og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands og fl., útgefin af ráðgjafanum fyrir Íslandi 2. júlí 1890 (A. nr. 28 bls. 110—111).

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki, undirskrifuð af konungi 11. júlí 1890 (A. nr. 29, bls. 112—115).

Lög um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl., undirskrifuð af konungi 11. júlí 1890, (A. nr. 30, bls. 116—119).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um 78
sölu á hálfri jörðinni Gljúfurá. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 27. p. m. hafið þjer, 30. maí
herra amtmaður, sent mjer 19 kr., eptirgjald fyrir árið 1889 eptir 1/2 jörðina Gljúfurá,
eign gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar, og jafnframt lagt það til að sýslumanninum í Ísafjarðar-
sýslu verði veitt heimild til að selja hlutaðeigandi ábúanda nefnda hálfleðu fyrir 450
kr., svo framarlega sem ábúandinn á yfirstandandi sumri gjörir nefnt tilboð í hana.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg fellst á ofan nefnda
tillögu yðar.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um leyfi til lántöku til 79
bryggjugjörðar. — Útaf þóknanlegu brjefi, dags. 8. f. m. þar sem þjer fyrir hönd 18. júní
bæjarstjórnarinnar á Akureyri beiðist leyfis til að taka 1500 kr. lán í landsbankanum
fyrir Akureyrarkaupstað, til þess að fullgjöra 100 ál. langa steinbryggju, er byrjað var
á í fyrra sumar fyrir fje hafnarsjóðs Akureyrar, skal yður þjónustusamlega tjáð, að jeg
hjer með veiti hið umbeðna leyfi.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um leyfi til að halda lott 80
erí. — Þjer hafið herra bæjarfógeti, með þóknanlegu brjefi dags. 10 p. m. sent hingað 21. júní
með meðmælum yðar beiðni, þar sem þeir Þorlákur kaupmaður Johnson, Guðbrandur
verzlunarstjóri Finnbogason og Björn ritstjóri Jónsson fyrir hönd nokkurra manna hjer
í bænum sækja um leyfi til að mega halda «Lotterí» á 2 róðrarskipum, er menn þessir
hafa látið smíða síðastliðinn vetur á sinn kostnað í þeim tilgangi að koma á nýju og betra
lagi, en hingað til hefur tíðkazt. Er farið fram á, að gefa megi út 700 seðla, og selja hvern á
2 kr., en svo er til ætlað, að það sem fást kynni umfram andvirði skipanna, 930 kr.,
renni í fiskimannasjóð Kjalarnespings.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra bæjarfógeti til
þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg hjer með veiti leyfi til að halda
hið umrædda «Lotterí» á tjeðum 2 róðrarskipum, á þann hátt sem að framan er ávíkið
og með því skilyrði að greindur fiskimannasjóður verði aðnjótandi ágóðans af Lotteríinu,
sem að öðru leyti ber nákvæmlega að haga eptir þeim reglum, er þjer setjið því til
tryggingar, að allt fari vel fram.

18. dag ágúst-mán. 1890.